



FUNDARGERÐ
32. fundur Odda bs
haldinn Fjarfundur í gegnum ZOOM , 20. október 2020
og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Björk Grétarsdóttir, Haraldur Eiríksson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Egill Sigurðsson, Valtýr Valtýsson og Ágúst Sigurðsson.

Fundargerð ritaði: Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri.

Einnig sat fundinn Klara Viðarsdóttir undir liðum 1-5.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit Odda bs 2020 - 2001020

Yfirlit um rekstur janúar-september

Klara Viðarsdóttir fór yfir rekstraryfirlit Odda bs fyrir mánuðina janúar-september 2020.

2. Rekstraráætlun Odda bs 2020 - viðauki 1 - 2010026

Viðauki vegna launahækkana.

Lagður fram viðauki 1 við rekstraráætlun Odda bs 2020. Greinargerð fylgir viðaukanum. Viðaukinn er að megninu til vegna kjarasamningshækkana á árinu 2020 og er til hækkunar á rekstrargjöldum Odda bs að upphæð 57.500.000 kr. Viðaukanum er mætt með hækkun á framlögum sveitarfélaganna en hlutur Rangárþings ytra er 49.448.423 kr og hlutur Ásahrepps er 8.051.577 kr.

Samþykkt samhljóða.

3. Ársreikningur Odda bs 2019 - 2003023

Staðfesting á afgreiðslu stjórnar frá fundi 24.03.2020.

Stjórn staðfesti afgreiðslu stjórnar frá fundi 24.03.2020 með áritun (rafrænni áritun) á ársreikninginn.

4. Rekstraráætlun 2021 - Oddi bs - 2009040

Undirbúningur fjárhagsáætlunar, forsendur og skipulag - fundir með skólustjórum.

Rætt um forsendur fjárhagsáætlunar ársins 2021. Ljóst er að hækkun útgjalda verður u.þ.b. 50 mkr ef ekki koma til neinar mótvægisáðgerðir. Fundir verða með forstöðumönnum stofnana dagana 2-4 nóvember n.k. Lagt er upp með að gjaldskrá Odda bs verði hækkuð í samræmi við vísitölu.

5. Stytting vinnuvikunnar - útfærsla - 2010017

Leikskólinn Laugalandi

Farið var yfir stöðu vinnu varðandi útfærslu á styttingu vinnuvikunnar. Skólarnir eru komnir mislangt í sinni tillögugerð en fyrir liggur tillaga að fyrirkomulagi frá Leikskólanum á Laugalandi. Gert er ráð fyrir að ræða þessi atriði við forstöðumenn á vinnufundum í byrjun nóvember en lagt er upp með að fyrirkomulagið verði tekið upp frá og með næstu áramótum.

6. Erindi um skóladagheimili - 2010013

Frá foreldrafélagi Grunnskólans á Hellu

Fyrir liggur erindi frá Foreldrafélagi Grunnskólans á Hellu þar sem lýst er yfir áhyggjum af aðbúnaði barna á skóladagheimilinu hvað varðar rými, hljóðvist og fjölda starfsmanna. ÁS falið að funda með skólastjórnendum, leita leiða til úrbóta og leggja tillögur fyrir næsta reglulega fund stjórnar Odda bs.

Samþykkt samhljóða.

7. Nýr leikskólastjóri Heklukoti - 2009056

Fyrirkomulag við úrvinnslu umsókna.

Umsóknarfrestur um stöðu leikskólastjóra við Heklukot rennur út í dag 20. október og þegar hafa borist nokkrar umsóknir. Ákveðið að fela Björk, Margréti Hörpu, Valtý og Ágústi að undirbúa og taka viðtöl við alla umsækjendur og leggja tillögu um ráðningu fyrir næsta reglulega fund Odda bs.

8. Viðbragðs- og aðgerðaáætlun vegna COVID19 - 2003021

Ýmis atrið vegna COVID

Lagðar fram upplýsingar frá sóttvarnaryfirvöldum varðandi takmarkanir á skólastarfi vegna farsóttar.

Fundargerð yfirlésins og staðfest með tölvupósti strax að fundi loknum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:15.

Björk Grétarsdóttir

Haraldur Eiríksson

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

Egill Sigurðsson

Undirritunarsíða

Björk Grétarsdóttir

Haraldur Eiríksson

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

Egill Sigurðsson

Valtýr Valtýsson

Ágúst Sigurðsson